

LEIÐARLJÓÐ

Menningarstarf í Hafnarfirði tekur mið af fjölbreytileika mannlífsins og menningarlegu uppeldi barna og unglunga. Bærinn eflist sem menningarbær með metnaðarfullu lista-, menningar- og mannlífi. Menning og listir tengjast skóla- og æskulýðsstarfi, tómstundastarfi aldraðra, varðveislu, umhverfismálum og menningartengdri ferðaþjónustu.

FJÖLBREYTTILEIKI OG ALMENN ÞÁTTTAKA

Í Hafnarfirði þrífst fjölbreytilegt menningarlíf og skal lagt kapp á að skapa umhverfi sem orkar hvetjandi á list- og menningarsköpun. Menningarstarf mótist af og taki tillit til áhuga og þarfa íbúa og gesta.

Leiðir

- Gerðar séu kannanir á áherslum og viðhorfum Hafnfirðinga til menningarmála, menningarstofnana og menningartilboða.
- Gerðir séu samningar við stærstu menningarfélög og félagasamtök til að tryggja þeim rekstargrundvöll og möguleika á markvissara menningarstarfi.
- Styrkir til menningarmála taki mið af fjölbreytileika.
- Bjartir dagar, lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar, festi sig í sessi og miði að því að efla mannlíf og menningu í bænum, auk þess að koma hafnfirskum listamönnum og hafnfirskri menningu á framfæri.
- Útnefndur verði bæjarlistamaður Hafnarfjarðar árlega.

Börnum og unglungum gefist kostur á að kynnst hinum margbrotna heimi menningarinnar. Menningarstofnanir kynni börnum og unglungum starf sitt og stuðli að frjóu samstarfi við skóla og æskulýðsstarf í bænum.

Leiðir

- Menningarstofnanir ræki hlutverk sitt í menningar- og listuppeldi barna og setji sér markmið þar um í samráði við menningar- og ferðamálanefnd og fræðsluráð Hafnarfjarðar.
- Menningarstofnanir miðli hafnfirskri sögu og sérkennum bæjarins til grunnskólabarna í nánu samstarfi við skólayfirvöld.
- Menningarstofnanir kynni starfsemi sína menntastofnunum bæjarins, að lágmarki einu sinni á ári.
- Bókasafn Hafnarfjarðar hafi að leiðarljósi að lestur fyrir börn léttir framtíðarnám síðar meir á ævinni.
- Styrkir til listamanna tengist að hluta listuppeldi grunnskólabarna.
- Listviðburðir séu skipulagðir með þátttöku ungs fólks í huga.
- Þverfaglegt samstarf og samráð milli Skrifstofu menningarmála, Skólaskrifstofu og Íþróttá- og tómstundaskrifstofu.

Menningarstarf sé ávallt skipulagt með samstarf og virkni þátttakenda að leiðarljósi. Lýðræði og jafnrétti bæjarbúa sé í fyrirrúmi, með aðgengi að þekkingu, upplýsingum, sögu og nýsköpun í listum og menningu.

Leiðir

- *Styrkir menningar- og ferðamálanefndar séu sýnilegir sem flestum.*
- *Menningarstofnanir kynni vel starfsemi sína og bjóði gestum leiðsögn og aðstoð við upplýsingaleit.*
- *Menningarstofnanir bæjarins setji sér það markmið að höfa til sem flestra og auki í því tilliti samstarf sín í milli.*
- *Tekið sé mið af þörfum gesta og leitast við að greiða götu fjölbreytilegrar menningar.*
- *Jafnrétti kynja og menningarhópa verði ávallt haft að leiðarljósi í öllu menningarstarfi.*

MENNINGARSTOFNANIR HAFNARFJARÐARBÆJAR

Menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar séu leiðandi í að efla lista- og menningarlíf í Hafnarfirði. Þær tengist samfélaginu svo tekið verði eftir og veiti framúrskarandi þjónustu.

Leiðir

- *Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar standi fyrir fjölbreyttri menningarstarfsemi á sviði myndlistar, tónlistar og annarra listgreina.*
- *Í Bóksafni Hafnarfjarðar sé ávallt fjölbreyttur safnkostur sem endurspeglar fordómalaust efnisval. Jafnframt veiti safnið notendum aðgang að nýjustu upplýsinga- og tölvutækni.*
- *Byggðasafn Hafnarfjarðar safni, varðveiti og rannsaki minjar um menningarsögu Hafnarfjarðar og kynni þær almenningi. Safnið sé og leiðandi í að miðla sögu bæjarfélagsins.*
- *Menningarstofnanir taki tillit til ólíkra þarfa og óska íbúanna eftir bestu getu.*
- *Menningarstofnanir haldi til haga viðhorfum og ábendingum gesta og taki mið af þeim við stefnumótun.*
- *Samstarf við listamenn, fræðimenn og aðrar menningarstofnanir hér heima og erlendis verði eflt.*

BÆJARBRAGUR OG SAGA

Jákvæð sérkenni Hafnarfjarðar skulu varðveitt og lögð áhersla á vandað og skjólsælt bæjarumhverfi. Lögð verði áhersla á menningarstarfsemi sem hægt er að stunda utan dyra og styrkja muni miðbæinn.

Leiðir

- *Vinna skuli að skráningu og verndun fornminja og annarra söguminja á svæðinu og að húsvernd samkvæmt reglum Húsverndarsjóðs Hafnarfjarðar.*
- *Hlúa skuli að útilistaverkum Hafnarfjarðar.*
- *Tryggð sé varðveisla bárujárnshúsabyggðarinnar í hrauninu.*

- *Hellisgerði verði fjölskyldureitur.*
- *Menningartengdir viðburðir í tengslum við t.d. jólaþorpið sem ætlað er að efla verslun, menningu og menningarlíf í bænum.*
- *Samstarf og samráð milli Skrifstofu menningarmála og Umhverfis- og tæknisviðs.*

SKILVIRKNI Í STJÓRNUN MENNINGARMÁLA

Stuðlað sé að góðri nýtingu fjármuna og starfað eftir raunhæfri áætlanagerð í menningarstarfi bæjarfélagsins. Stjórnun menningarmála sé styrk og ábyrg.

Leiðir

- *Menningar- og ferðamálanefnd móti stefnu málaflokksins.*
- *Metinn verði árangur af framlagi Hafnarfjarðarbæjar til menningarmála, bæði með tilliti til þátttöku bæjarbúa sem og gæðum menningarstarfs.*
- *Starf menningarstofnana verði endurmetið reglulega.*
- *Aukið verði samstarf á milli Skrifstofu menningar- og ferðamála, Skólaskrifstofu og Íþróttá- og tómstundaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar.*
- *Þverfaglegt samstarf starfsmanna á þjónustu- og þróunarsviði verði aukið.*
- *Stefna bæjarins í menningarmálum verði í sífellndri endurskoðun og samræmis verði gætt við stefnumörkun bæjarins á öðrum sviðum.*

Menningarstefna Hafnarfjarðarbæjar var samþykkt í Bæjarstjórn þann 9. mars 2004